

um endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á árinu 1952 skal fara fram endurskoðun fasteignamatsins 1942 í því skyni að samræma það þeim verðlagsbreytingum og framkvæmdum, er orðið hafa í landinu frá 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 63/1945.

2. gr.

Til að framkvæma endurskoðun og samræmingu fasteignamatsins skipar fjármálaráðherra 3 menn í hverju sýslu- og bæjarfélagi. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðji skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna.

3. gr.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn í yfirmatsnefnd samkvæmt lögum þessum og 3 til vara. Hann tilnefnir formann nefndarinnar. Nefnd þessi skal endurskoða og samræma mat héraðsnefnda.

4. gr.

Til grundvallar endurskoðun fasteignamatsins skulu héraðsnefndir leggja fasteignamat það, sem nú er í gildi, en til viðbótar því skulu metnar allar ræktunarframkvæmdir og aðrar meiri háttar umbætur, er gerðar hafa verið frá því síðasta fasteignamat fór fram, svo skulu og metin þau hús og mannvirki, er reist hafa verið frá því 1942, en kunna að hafa fallið undan aukafasteignamati. Sama gildir um útmældar lóðir, er ekki hafa verið metnar í aukafasteignamati.

5. gr.

Yfirmatsnefnd, sem skipuð er samkvæmt 3. gr., skal gera skrá um mat allra fasteigna í hverju sýslu- og bæjarfélagi, eins og það er við gildistöku laga þessara, ásamt skrá um allar ræktunarframkvæmdir, er gerðar hafa verið síðan 1940, samkvæmt spjaldskrá Búnaðarfélags Íslands. Skulu skrár þessar sendar viðkomandi héraðsnefndum áður en þær hefja störf sín.

6. gr.

Héraðsnefndir skulu meta ræktunarumbætur þær og aðrar framkvæmdir, er eigi hafa verið metnar aukafasteignamati frá 1940. Þær skulu ákveða þær breytingar á matsverði fasteigna, sem rétt þykir að gera vegna verðlagsbreytinga, er orðið hafa síðan 1940. Auk hinna almennu verðlagsbreytinga skulu héraðsnefndir sérstaklega kynna sér og taka til greina í matinu breytingar á samgönguskilyrðum, rafmagnslagningum og öðrum félagslegum umbótum, er gerðar hafa verið frá 1940.

7. gr.

Héraðsnefndir skulu hefja störf sín strax eftir að þeim hafa borizt skrár þær, er um getur í 5. gr., og hafa lokið störfum eigi síðar en 12 vikum eftir að skrárnar bárust þeim í hendur. Nefndirnar skulu gera skrá um mat allra fasteigna, hver í sínu umdæmi, og skal matið liggja frammi í hverju sveitar- og bæjarfélagi eigi skemmri tíma en 3 vikur. Héraðsnefndir skulu auglýsa í hverju bæjar- og sveitarfélagi, hvar skráin liggur frammi.

8. gr.

Nú er eigandi fasteignar eða umboðsmaður hans óánægður með mat fasteignar sinnar, og getur hann þá innan fjögurra vikna frá því að matið var lagt fram í hans sveitar- eða bæjarfélagi sent héraðsnefndinni rökstudda kröfu um breytingu á matinu. Héraðsnefnd úrskurðar kæru innan tveggja vikna frá því að hún barst henni. Úrskurði héraðsnefndar getur viðkomandi aðili skotið til yfirmatsnefndar áður en 2 vikur eru liðnar frá því að úrskurður héraðsnefndar barst honum. Yfirmatsnefnd tekur síðan fullnaðarákvörðun um matið.

9. gr.

Skylt er sýslumönnum, bæjarfógetum og öðrum starfsmönnum ríkis og bæjar- og sveitarfélaga að gefa héraðsnefndum og yfirmatsnefnd allar þær upplýsingar varðandi fasteignir í viðkomandi umdæmum, er nefndirnar telja sig þurfa og óska eftir.

10. gr.

Þegar eftir að héraðsnefndir hafa lokið störfum og úrskurðað kærur samkvæmt 8. gr., skulu þær senda yfirmatsnefndinni skrár um mat allra fasteigna í umdæmum þeirra. Yfirmatsnefndin endurskoðar og samræmir mat héraðsnefndanna, og að því lokna skal nefndin, svo fljótt sem við verður komið, gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna á landinu.

Skal bókin eða bækurnar liggiltar af fjármálaráðherra, sem ákveður hvenær hið endurskoðaða fasteignamat gengur í gildi.

Matsbækurnar skulu sendar ókeypis öllum sýslumönnum, bæjarfógetum, skattstjórum, hreppstjórum og lögreglustjórum, er gegna hreppstjórastörfum, bæjarstjórum og oddvitum.

11. gr.

Kostnaður við endurskoðun matsins, þar með talin laun matsmanna, greiðist úr ríkissjóði eftir reikningum, er fjármálaráðherra úrskurðar. Ríkissjóður fær endurgreiddan kostnað við endurskoðun fasteignamatsins af fasteignaskatti samkvæmt lögum nr. 66/1921, sem innheimtur verður eftir 1. janúar 1952. Eftir að sá kostnaður hefur verið greiddur að fullu, skal fasteignaskattur samkvæmt nefndum lögum renna til bæjar- og sveitarfélaga, þar sem hann er á lagður, enda annist þá bæjar- og sveitarfélögin um innheimtu skattsins.

12. gr.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd matsins, ef þurfa þykir.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt tilmælum fjármálaráðuneytisins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundið atkvæði um málið. Frá ráðuneytinu fylgdu frv. svo hljóðandi athugasemdir:

„Frumvarp til laga um endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 var flutt á síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu.

Þetta frumvarp um endurskoðun fasteignamatsins er að mestu samhljóða því, er fjárhagsnefnd neðri deildar lagði til á síðasta Alþingi, sbr. þskj. 756.

Verðlagsþróunin í landinu veldur því, að það er með öllu óhæfilegt að færa ekki mat fasteigna í átt við hið almenna verðlag annarra eigna.

Verðlagsgrundvöllur gildandi fasteignamats er miðaður við það verðlag, er var hér á landi á árunum 1938—1940. Öll aukafasteignamót eru byggð á sama verðlagsgrundvelli og aðalmatið frá 1942.

Þar sem fasteignamatið á að vera mælikvarði í sambandi við skattgjöld ýmiss konar og önnur viðskipti, er nauðsynlegt, að matið sé fært nokkuð í átt við hið almenna verðlag í landinu og sé rétt innbyrðis í hverjum landshluta.

Þróun atvinnulífsins hin 10 síðustu ár hefur orðið á þann veg, að ýmis byggðarlög hafa farið í eyði og fasteignir þar lítt seljanlegar, en í öðrum byggðarlögum eru fasteignir í 12—15-földu verði eða meir miðað við fasteignamat.

Vegna þessa er með öllu ómögulegt að notfæra sér 1. gr. laga nr. 70 frá 12. apríl 1945 og fyrirskipa einhverja allsherjar hækkun yfir land allt eða landshluta.

Í frumvarpi þetta er tekið upp það nýmæli, að viðkomandi bæjar- og sveitarstjóðir skuli njóta fasteignaskattsins, þegar matskostnaður hefur verið greiddur ríkissjóði af fasteignaskattstekjum. Er sveitarfélögunum þarna fenginn fastur gjaldstofn, og nýtur því hvert sveitar- og bæjarfélag sinna framkvæmda. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með frumvarpi á þskj. 335 frá síðasta Alþingi.

Eigi virðist ástæða til að skýra hinar einstöku greinar frumvarpsins, en benda má á, að framkvæmd þessarar endurskoðunar fasteignamatsins yrði að mestu eins og framkvæmd aðalmats, sbr. lög um fasteignamat, en þó með þeirri breytingu, að ekki er ætlað til, að héraðsnefndir skoði hverja fasteign.